

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, bensínstöð í Kaplakrika.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að á svæði til sérstakra nota, merkt Ú1 - íþróttasvæði FH við Kaplakrika, verður sjálfsafgreiðslustöð fyrir bensín með aðkomu frá Flatahrauni.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.